



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2025

MSS24020056

Endurnýjun erindisbréfs persónuverndarteymis Reykjavíkurborgar

Endurnýjað erindisbréf persónuverndarteymis Reykjavíkurborgar er lagt fram til kynningar.

Greinargerð:

Stofnun persónuverndarteymisins í þeirri mynd sem það starfar í dag má meðal annars rekja til ákvörðunar Persónuverndar um stöðu persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar og leiðbeininga stofnunarinnar um að tryggja viðeigandi og tímanlega aðkomu persónuverndarfulltrúa að öllum málum sem tengjast vernd persónuupplýsinga, t.d. með innleiðingu verkferla um sjálfgefna og innbyggða persónuvernd í kerfum borgarinnar. Hér hefur verið komið á fót þverfaglegu samstarfi sem skapar vettvang til veitingar ráðgjafar og úrlausnar á þeim álitaeftum sem upp geta komið í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í samstarfi við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Efling persónuverndarteymis er liður í því verkefni að skapa lögmæta umgjörð um starf persónuverndarfulltrúa og fagsvið persónuverndar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf, auk þess að tryggja samstarf sérfræðinga á sviði persónuverndar og upplýsingaöryggis þvert á fagsvið, kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Endurnýjað erindisbréf persónuverndarteymis Reykjavíkurborgar, dags. 4. nóvember 2025.



Reykjavík



ERINDISBRÉF Persónuverndarteymi Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Markmið persónuverndarteymis er að stuðla að því að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Á vettvangi persónuverndarteymis er stuðlað að samhæfingu og virku samráði persónuverndarfulltrúa og sérfræðinga í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í málum sem tengjast lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 (GDPR). Teymið kemur að mótun miðlægra verkferla og jafnframt nýtist og eflist sérþekking innan Reykjavíkurborgar á sviði persónuverndar í mismunandi málaflokkum og tryggir í senn skilvirkni og að fagleg og lögmæt sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við slíka vinnu. Að jafnaði skal teymið funda einu sinni í mánuði.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Samráð um vinnsluskráningu, málsmeðferð og afgreiðslu mála sem varða réttindi hinna skráðu, meðhöndlun öryggisbresta og/eða atvika sem verða í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar
- Aðkoma að framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd, þar með talið vegna rafræns eftirlits í stjórnsýslu Reykjavíkur, fyrirframsamráði sem og leyfisbeiðnum til Persónuverndar eftir því sem við á.
- Samráð um gerð staðlaðra sniðmáta, svo sem vegna vinnslusamninga og/eða samninga um sameiginlega ábyrgð Reykjavíkurborgar, mats á áhrifum á persónuvernd sem og fræðslu og/eða samþykki til hinna skráðu, svo dæmi séu nefnd.
- Ráðgjöf er varðar stefnumótun á sviði persónuverndar- og öryggismála og gerð verklagsreglna og vinnulýsinga



- Aðkoma að mótun fræðsluáætlunar til starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna skyldna sem leiða af ákvæðum persónuverndarlaga og tengdum lögum sem varða verkefni sveitarfélagsins.

Stjórnendur Reykjavíkurborgar og fulltrúar fagsviða geta farið þess á leit við fagsvið persónuverndar að einstök mál sem varða vinnslu persónuupplýsinga verði tekin til umræðu hverju sinni. Sviðstjórar fagsviða Reykjavíkurborgar tilnefna fulltrúa í persónuverndarteymi og skulu þeir sem hljóta tilnefningu sitja fundi teymisins. Við tilnefningu skal gæta þess að störf starfsmanns lúti að persónuverndarmálum sviðsins.

Persónuverndarteymi skipa:

- Hilmar Ingi Jónsson, persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar, formaður
- Katrín Elva Gunnarsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs
- Hildur Kristín Friðleifsdóttir, fulltrúi velferðarsviðs
- Sæþór Fannberg Sæþórsson, fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Ellisif Tinna Víðisdóttir, fulltrúi mannauðs- og starfsumhverfissviðs
- Dagný Alma Jónasdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
- Elín Hrefna Ólafsdóttir, fulltrúi menningar- og íþróttasviðs
- Ólöf Marín Úlfarsdóttir, fulltrúi fjármála- og áhættustýringarsviðs
- Sandra Dröfn Gylfadóttir, fulltrúi miðlægrar stjórnsýslu

Varafulltrúar persónuverndarteymis:

- Guðrún Sigtryggsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs
- Fanney Magnadóttir, fulltrúi velferðarsviðs
- Aldís Geirdal Sverrisdóttir, fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Einar Geir Þorsteinsson, fulltrúi mannauðs- og starfsumhverfissviðs
- Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
- Jóhanna Garðarsdóttir, fulltrúi menningar- og íþróttasviðs
- Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, fulltrúi fjármála- og áhættustýringarsviðs
- Björn Atli Davíðsson, fulltrúi miðlægrar stjórnsýslu

Starfsmaður persónuverndarteymis:

Kolbrún Birna Hallgr. Bachmann, lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig, eftir því sem við á, ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil og skil:

Teymið skal starfa út yfirstandandi kjörtímabil borgarstjórnar. Gert er ráð fyrir að teymið skili inn ársáætlun yfir helstu verkefni sem stefnt skal að því að vinna ár hvert.



Reykjavík



Reykjavík, 4. nóvember 2025

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Tilvísun:

Ákvörðun Persónuverndar um stöðu persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar, mál nr. 2020092287
dags. 17.2.2022, <https://www.personuvernd.is/urlausnir/akvordun-um-stodupersonuverndarfulltrua-reykjavikurborga>



Reykjavík